

Stjórnarfundur 16. apríl 2020

Mætt eru: Pétur Gauti Valgeirsson, Indriði Haukur Þorláksson, Vilborg Anna Björnsdóttir, Þorsteinn Svavar McKinstry, Guðný Margrét Emilsdóttir, Svanbjörg H. Einarsdóttir, Óskar Grímur Kristjánsson, Sigríður Guðmundsdóttir

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fyrir. Stjórnarmenn þurfa meiri tíma og verður hún samþykkt með athugasemdum með tölvupóstum innan fimm daga og þar eftir send á vef Leiðsagnar.

2. Fræðslufundur í samstarfi við EHI. Félagið hefur í hyggju að undirbúa og standa fræðslufundum í samstarfi við Endurmenntun Háskóla Íslands. Félagið hefur árum saman boðið upp á vorferð en nú í ljósi aðstæðna verður það ekki mögulegt og því æskilegt að finna annan farveg. Stefnt yrði að því að fræðslufundirnir yrðu opnir öllum félagsmönnum. Formanni og framkvæmdastjóra var falið að óska eftir og ganga frá tilboði.

3. COVID og aðgerðaáætlur. Formaður hefur sent forsætisráðherra og félagsmálaráðherra erindi til að minna á viðkvæma stöðu félagsmanna. Framkvæmdastjóra falið af stjórn að fá skriflegt svar frá VMST um útreikninga á starfshlutfalli leiðsögumanna.

Leiðsögn hefur sent ferðaskrifstofum sem haft hafa leiðsögumenn í launavinnu erindi þar sem árétttaður er skilningur félagsins á lögum um tímabundna ráðningu starfsmanna nr. 139/2003. Lítið hefur verið um svör og er framkvæmdastjóra falið að undirbúa eitt einstak mál sem gæti verið prófmál og bera það undir lögfræðing félagsins og eftir atvikum lögfræðing ASÍ.

Vilborg Anna leggur fram tillögu um að fela kjaranefnd að skoða kjarasamning okkar varðandi ráðningarsamband leiðsögumanna við atvinnurekendur og koma með breytingartillögur sem skerpa á réttindum leiðsögumanna til fastráðningar.

4. Könnun meðal félagsmanna um menntun og atvinnumál. Í aðdraganda kjarasamninga 2013 var haldinn mjög góður fundur með þjóðfundarsniði. Þetta framtak mæltist mjög vel fyrir og síðar var gerð könnun sem Háskólinn á Hólum stýrði. Þetta var nemendaverkefni hjá nemendum í ferðamálfraði. Með hliðsjón af þessari vinnu er Þorsteini falið af stjórn að vinna að undirbúningi á svona könnun. Var það samþykkt mótatkvæðalaust og honum gefinn tíminn út mánuðinn til undirbúa tillögu sem hægt væri að vinna út frá. Einnig kom fram athugasemd að ekki væri úr vegi að athuga með þann möguleika að nýta sér þjónustu sérhæfðs þjónustufyrirtækis til að stýra könnun. Enginn ákvörðun var þau tekin þess efnis af stjórn á þessum fundi.

Guðný Margrét bað um að bókað yrði eftirfarandi: „Á fundi mínum (GME) hjá ASÍ lagði María Lóa hjá ASÍ ofuráherslu á löggildingu starfsheitisins Leiðsögumaður. Það er algjört lykilatriði. Það vinnst lítið í réttindabaráttu leiðsögumanna án löggildingar starfsheitisins Leiðsögumaður.“

Einnig óskaði Guðný Margrét eftir því að upplýsingaskylda formanns skyldi virt.

Fundi lokið kl. 11:53

Fundarritari Sigríður Guðmundsdóttir